

Forsætisráðuneytið

Minnisblað til ráðuneytisstjóra

Viðtakandi: **Forsætisráðherra**
Sendandi: **Skrifstofa stjórnskipunar og stjórnsýslu**
Starfsm.: **EP**
Dagsetning: **16.12.2022**
Málsnúmer: **FOR22100124**
Bréfalykill: **1.8.1**
Tilgangur: Til ákvörðunar Til undirritunar
 Til upplýsingar Skv. beiðni ráðherra
Mikilvægi: Mjög áriðandi Mikilvægt Berist ráðherra
Efni: Málefni Erlu Bolladóttur

Í september sl. synjaði Endurupptökudómur Erlu Bolladóttur um endurupptöku dóms Hæstaréttar frá 1980, þar sem hún var sakfelld fyrir að bera rangar sakir á þá Valdimar Olsen, Einar Bollason, Magnús Leopoldsson og Sigurbjörn Eiríksson. Úrskurður Endurupptökudóms er endanlegur og hyggst Erla að óbreyttu vísa máli sínu til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Forsætisráðherra átti fund með Erlu í lok nóvember sl. Á fundinum óskaði Erla eftir því að íslenska ríkið bæði hana afsökunar vegna málsmeðferðar í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu og þess sem hún hefði þurft að þola vegna málsins. Þá óskaði hún eftir greiðslu miskabóta með sama hætti og öðrum sakborningum í málinu. Loks óskaði hún eftir því að verða ekki krafín um sakarkostnað sem felldur var á hana af Endurupptökudómi.

Erla Bolladóttir var með dómi Hæstaréttar árið 1980 sakfelld fyrir að bera rangar sakir á fjórmenningana, sem varð til þess að þeir sátu í gæsluvarðhaldi í um þrjá mánuði, og dæmd í þriggja ára fangelsi. Erla var hins vegar sýknuð af ákæru fyrir hlutdeild í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Erla var sú eina af þeim sem sakfelld voru með dómi Hæstaréttar árið 1980 sem sýknudómur Hæstaréttar haustið 2018 náði ekki til. Fyrir liggur því að sakfellingardómur Erlu vegna hinna röngu sakargifta stendur óhaggaður.

Hins vegar sat Erla í gæsluvarðhaldi í rúmlega sjö og hálfan mánuð árið 1976 fyrir hlutdeild í hvarfi Geirfinns, sem hún var síðar sýknuð af, svo sem að framan greinir. Að nánari skilyrðum uppfylltum skapast bótaréttur til handa sakborningi við þær aðstæður. Erla lagði fram bótakröfu vegna gæsluvarðhaldsins árið 2019, en kröfunni var hafnað þar sem hún teldist fyrnd.

Þrátt fyrir að kröfu Erlu hafi verið hafnað er ljóst að lengd gæsluvarðhaldsins sem hún sætti var fordæmalaus, bæði þá og síðar. Þá hefur verið staðfest í dómum Hæstaréttar að aðstæður í Síðumúlafangelsi, þar sem Erla var vistuð um mánaðaskeið, hafi ekki verið forsvaranlegar til svo langrar vistunar. Loks skal nefnt að í dómum Landsréttar í málum tveggja hinna sýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu frá því í desember 2021 var ekki fallist á að þeir hefðu valdið eða stuðlað að því að þeir sættu gæsluvarðhaldi þannig að bótaréttur þeirra skertist eða félli niður af þeim sökum.

Með vísan til framangreinds má telja forsvaranlegt að endurskoða afstöðu ríkisins frá 2019 og hverfa frá þeirri afstöðu að krafan sé fyrnd, sem og sjónarmiðum um að Erla hafi valdið eða stuðlað að því að hún sætti gæsluvarðhaldi. Ljóst er að þótt ríkið beri jafnan fyrir sig fyrningu þegar það á við er ríkinu ekki skylt að gera það. Í máli Erlu má færa rök fyrir því að hagsmunir ríkisins standi beinlínis til þess að bera

ekki fyrir sig fyrningu sökum þess hve mikilvægt má telja að ljúka Guðmundar- og Geirfinnsmálinu gagnvart þeim sem hafa átt um sárt að binda vegna þess.

Bótagreiðslur til Erlu má rökstyðja með vísan til lengdar gæsluvarðhaldsins og þess hve aðstæður í varðhaldinu voru henni erfiðar, ekki síst sem ungri móður með kornabarn. Þá er ljóst að Guðmundar- og Geirfinnsmálið er án fordæma í íslenskri réttarsögu og hefur hvílt á þjóðinni um áratugaskeið. Með því að rétta Erlu sáttahönd og ríkið biðji hana afsökunar er hægt að færast nær því að loka þessum kafla í sögunni, ef Erla tekur við afsökunarbeiðninni og samkomulag næst um bótagreiðslur.

Afsökunarbeiðnin og boð um bætur myndi einskorðast við það tímabil sem hún sat í gæsluvarðhaldi vegna gruns um hlutdeild í hvarfi Geirfinns. Þannig væri ekki beðist afsökunar eða boðnar bætur vegna sakfellingar Erlu fyrir að bera rangar sakir á fjórmeningana og refsivistar sem hún afplánaði í kjölfarið. Er þessi aðgreining mikilvæg til að undirstrika sjálfstæði dómsvaldsins, sem hefur kveðið úr um það endanlega að Erla hafi verið sek um rangar sakargiftir og að því verði ekki breytt. Þá er það líka til þess fallið að draga úr líkum á því að þeim sem finnst óeðlilegt að Erla fái bætur, þar sem hún sé sannarlega sek af röngum sakargiftum, bregðist illa við þessum aðgerðum ríkisins.

Í því samhengi væri gagnlegt að upplýsa og eiga samtal við þá Valdimar Olsen, Einar Bollason og Magnús Leopoldsson um þessar fyrirhuguðu aðgerðir en sá fjórði, Sigurbjörn Eiríksson er látinn. Þeim fjórum voru árið 1983 dæmdar bætur fyrir gæsluvarðhaldið sem þeir sættu. Þá er litið svo á að afsökunarbeiðni forsætisráðherra f.h. ríkisstjórnarinnar árið 2018 hafi náð til þeirra fjórmeninga.

Settur ríkislögmaður til að fara með bótamál í kjölfar Guðmundar- og Geirfinnsmálsins, Andri Árnason lögmaður, getur tekið að sér að semja um bætur við Erlu. Hins vegar má telja mikilvægt að samkomulag við hana, ef af verður, grundvallist á því hve einstakt þetta mál sé, til að skapa ekki óæskilegt fordæmi gagnvart öðrum sem eru í svipaðri réttarstöðu. Sé tekið mið af þeirri fjárhæð sem Landsréttur hefur talið rétt að leggja til grundvallar vegna frelsisvipingar annarra í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu (um 130 þús. kr. á dag) og þeim dagafjölda sem Erla sat í gæsluvarðhaldi (232 dagar) má ætla að bætur til hennar gætu numið rúmlega 30 millj. kr.

Loks skal nefndur Sigurður Óttar Hreinsson, sem sat í gæsluvarðhaldi í u.þ.b. einn mánuð í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálið. Hann sendi ríkinu bótakröfu vegna þessa haustið 2018, en þeirri kröfu var hafnað með svipuðum rökum og kröfu Erlu. Ef samið yrði við Erlu um bætur væri eðlilegt að skoða mál Sigurðar. Bætur til hans myndu nema rúmlega þremur millj. kr. ef sama reikniaðferð yrði lögð til grundvallar og hjá Erlu.

Að því er varðar lagaheimildir þá fer ríkislögmaður með uppgjör bótakrafna sem beint er að ríkissjóði, sbr. 2. gr. laga um ríkislögmann, nr. 51/1985. Við ákvörðun um bætur vegna kröfugerðar Erlu Bolladóttur er rétt að líta til ákvæða þágildandi laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974 (2. tölul. 1. mgr. 150. gr.) sem kváðu á um bætur fyrir rannsóknaraðgerðir gagnvart sökuðum mönnum, sem sýknaðir voru. Þá má og líta svo á, með tilliti til lengdar gæsluvarðhaldsins og aðstæðna sem Erlu Bolladóttur voru búnar sérstaklega, að almennar skaðabótareglur skipti hér og máli. Að því er varðar meinta eigin sök Erlu á því að til aðgerðanna kom, sbr. 150. gr. þágildandi laga, er haft í huga að Landsréttur féllst ekki á að sýnt hafi verið nægilega fram á eigin sök í sömu málum gagnvart öðrum, og má taka mið af þeirri afstöðu Landsréttar, sbr. framangreint. Ríkinu er heimilt að bera ekki fyrir sig fyrningu vegna bótakrafna, að telja verður, ef það er rökstutt sérstaklega með tilliti til sérstakra eða óvenjulegra aðstæðna, sem ekki eru líklegar til að skapa almennt fordæmi.

Með hliðsjón af framangreindu ætti ekki að þurfa að koma til sérstakrar lagasetningar vegna málsins. Tilgangur þess að lög nr. 128/2019 voru sett var aðallega að afla heimildar til að greiða bætur til

aðstandenda hinna sýknuðu sem væru látnir, sem annars hefðu ekki átt bótarétt. Strangt til tekið var ekki þörf á þeirri lagsetningu fyrir þá sýknuðu sem voru á lífi, enda var staðfest með dómum Landsréttar í málum dánarbús Kristjáns Viðars Júlíussonar og Guðjóns Skarphéðinssonar að þeir ættu skýlausan bótarétt óháð lögum nr. 128/2019. Þá var lagasetningin einum þræði táknræn, þar sem Alþingi hafði með lagasetningu árið 2014 rýmkað heimild ættingja látinna sakborninga til að óska eftir endurupptöku, beinlínis vegna Guðmundar- og Geirfinnsmálsins. Var það því talið videigandi að Alþingi ætti aftur aðkomu að því máli sem þingið hefði greitt fyrir fimm árum fyrr.

Í samræmi við framangreint myndi afsökunarbeiðni forsætisráðherra til Erlu líta svona út:

Hvörf þeirra Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar hafa varpað skugga á íslenskt þjóðlíf um áratugaskeið og sett mark sitt á ævi fjölmargra einstaklinga. Óvissuástandi sem snéri að sakborningum í þessum málum var að mestu eytt með sýknudómi Hæstaréttar yfir þeim sem taldir voru bera ábyrgð á mannhvörfunum, dómum Landsréttar um sanngjarnar bætur þeim til handa svo og lögum nr. 128/2019, sem tryggðu bætur til aðstandenda hinna sýknuðu sem voru látnir. Þá hafa þeir sem sýknaðir voru og aðstandendur verið beðnir afsökunar á því hvernig staðið var að þeirra málum og að þeir hafi verið ranglega sakfelldir og sætt langri fangelsisvist.

En mál þetta lýtur að fleiri sakborningum í málunum, sem sættu rannsókn og gæsluvarðhaldi, sem á sér vart hliðstæðu í íslenskri réttarsögu. Erla Bolladóttir, ung kona með kornabarn, sætti þannig gæsluvarðhaldi vegna meintrar hlutdeildar í hvarfi Geirfinns Einarssonar frá byrjun maímánaðar 1976 og fram að jólum sama ár. Aðstæður sem gæsluföngum voru búnar á þeim tíma voru sérlega erfiðar, eins og dómur hafa staðfest. Erla var sýknuð af ákæru fyrir aðild að hvarfi Geirfinns Einarssonar með dómi Hæstaréttar 1980 og féll því ekki undir sýknudóm Hæstaréttar á árinu 2018, og því ekki undir þær ráðstafanir sem ríkið ákvað að grípa til í kjölfar hans. Er staða Erlu því sérstök meðal sakborninganna í málinu. Lengd frelsissviptingar hennar meðan á rannsókn Geirfinnsmálsins stóð og aðstæður sem henni og barni hennar voru búnar á þeim tíma eru fordæmalausar. Í því skyni að leiða til lykta þessi mál, að því er fyrrum sakborninga varðar, þykir eðlilegt og sanngjarnt að biðja Erlu sérstaklega afsökunar á þeirri meðferð sem hún mátti þola og afleiðingum hennar. Þá þykir og sanngjarnt, þó svo að langt sé um liðið, að Erla fái samhliða greiddar bætur vegna frelsissviptingar sinnar í gæsluvarðhaldi til samræmis við bætur sem Landsréttur ákvarðaði sakborningum sem sýknaðir voru af sökum varðandi mannhvörfin.